

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um fæðingar á Íslandi.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hversu margar fæðingar hafa verið árlega síðastliðin tíu ár á Íslandi, sundurliðað eftir sjúkrastofnun og eftir því hvort um fyrsta barn er að ræða?
- Hversu mörg sjúkraflug var farið í árlega síðastliðin tíu ár vegna fæðinga eða vandkvæða eftir fæðingar?
- Hversu margar fæðingar árlega síðastliðin tíu ár hafa verið skilgreindar sem flóknar eða erfiðar fæðingar? Er fjöldinn sambærilegur við önnur Norðurlönd?
- Hver er þróun meðalsængurlegutíma síðastliðin tíu ár, sundurliðað eftir sjúkrastofnun? Er hún sambærileg við önnur Norðurlönd?
- Hversu margar fæðingar árlega síðastliðin tíu ár hafa staðið lengur yfir en 24 tíma frá því að mæður eru skráðar í innlögn? Hvernig er það samanborið við önnur Norðurlönd?

Skriflegt svar óskast.